

Reykjavíkurbréf

Ekki er líklegt að Einstein tjái sig frekar um stöðuna

Sunnudagur, 16. febrúar 2014

Vonandi verður senn bundinn endi á undarlegt limbó í því auma „aðildarferli“ að ESB.

Þjóðinni átti að troða þangað ósáttir á meðan hún var enn í losti eftir efnahagslegt áfall, árásir í bókstaflegri merkingu á Alþingishúsið, sem með naumindum og einstakri hetjudáð lögreglu náðist að verja. Þeir sem síst máttu æstu til slíkra árása.

Reynsluboltar og byrjendur

Nú er öllum orðið ljóst að hinn efnahagslegi bylur var náskyldur því sem var að ganga yfir flestar þjóðir í okkar heimshluta um þær mundir. Íslenskir bankar hrundu ekki fyrr en eftir að fjárstreymið á alþjóðamarkaði hafði verið að þorna upp í 14 mánuði og erlendir bankar, og þeir sumir háttskrifaðir og sögufrægir eins og Lehman's-bræður, höfðu fallið. En munurinn var sá, að hér dugði að þrír bankar færu og þá var bankakerfið allt komið á hliðina, því þeir reyndust samansúraðir.

Þrír stórir bankar höfðu þanist út með ógnarhraða á örfáum árum og mikils oflætis gætti innan þeirra allra. Nú er vítað að bankamenn höfðu vissulega haft rangt við og teygst sig inn á dökk svæði og slævt dómgreind sína, ekki síst þegar endalokin nálguðust. Og það gerðu menn víðar og jafnvel stundum með áþekkingu hætti og hér var gert, eins og saksóknir í Írlandi sem fréttir voru um nýlega, sýnir með sláandi hætti. En þótt hundruð banka væru „látnir fara á hausinn“ austan hafs og vestan þá var fjöldi þeirra einnig bjargað. Margt bendir nú til að ekki hafi allt verið með felldu innan þeirra banka sem bjargað var, en björgunaraðgerðir ná að breiða yfir það. Í Bandaríkjunum hefur seðlabankinn prentað dollara í stórum stíl og dælt fé inn í banka og þar með og þaðan inn á hlutabréfamarkað. Þessara fjármuna sér þó ekki stað alls staðar í þjóðlífinu og það lýsir sér m.a. í því að munurinn á milli ofsaríkra og fátækra hefur aldrei verið þar meiri en nú. Það var örugglega ekki það sem Obama átti við þegar hann kynnti sig til sögu sem mann breytinganna. Langflestir bankar, sem einhvers máttu sín í heiminum, óðu jafn gáleysislega áfram og þeir íslensku í hinu óvenjulega umhverfi lágra stýrivaxta í girðingarlausri alþjóðavæðingunni og flutningi fjármuna með hraða ljóssins. Það má meira að segja hafa það hinum íslensku til afsökunar, ef menn vilja, að alþjóðleg bankareynsla þeirra var á algjöru byrjendastigi ef horft er til annarra banka í hinum vestræna heimi, sem sumir höfðu aldarreynslu eins og Lehman's og aðrir enn lengri.

Alþjóðavæðingunni og hinum „nýja efnahagsveruleika með gerbreyttum lögmálum“ var mikið hrósað og helstu forkólfar bankaheims virtust standa í þeirri trú, að sá galdur og taumlaust framboð lánsfjár fyrir lítið, væri hluti af nýjum veruleika. Íslensk yfirvöld peningamála tóku ekki þátt í þeim leik, enda lágu þau undir stöðugum og óbilgjörnum árásum aðila vinnumarkaðar fyrir að elta ekki hina alþjóðavæddu lágvaxtastefnu á röndum, þrátt fyrir óvenjulega innlenda spennu.

Því ekki að skoða nýliðna sögu

Það væri mjög þarft fyrir núverandi aðstandendur samtaka atvinnulífs og viðskipta að fara yfir gáleysislegar yfirlýsingar helstu talsmanna þessara samtaka á árunum fyrir bankafall og draga af þeim nokkurn lærdóm. Það eru hagsmunir allra að taka megí slík samtök alvarlega og að þau veiti í senn forystu og aðhald, en taki ekki gagnrýnislaust undir með mestu glönnunum eins og gerðist í aðdraganda áfallsins. Það gæti verið góð aðferð hjá þessum samtökum að fara vandlega yfir framgöngu sína á árunum fyrir „hrun“. Ekki til þess að setja einn eða neinn í gapastokk heldur til að draga lærdóm af í eigin ranni. Þau mættu einnig kíkja á það sjálf, hvort síðastiðin fjögur ár hafi farið fram einhverjar samningaviðræður – raunverulegar samningaviðræður – um aðild Íslands að ESB. Það er hins vegar eins og hver önnur skriftla að spyrja Baldur Þórhalsson og félaga um slíkt. SA gæti rétt eins ákveðið að láta Vilhjálm Birgisson sjá um launabáttinn fyrir sig framvegis.

Sérfræðingar í spurningunni

Hafi það í raun flögnað að þessum ágætu samtökum að raunverulegar samningaviðræður vegna aðildar hafi farið fram, væri skemmtilegt að heyra um dæmi þess. Og þá mætti í leiðinni upplýsa hvort nokkurs staðar myndist stafrókur um að Evrópusambandið hafi tekið á ný upp slíkt samningaferli gagnvart „umsóknarríkjum“. Slíkt ferli var formlega lagt af fyrir tæpum tveimur áratugum. Sambandið tekur sérstaklega fram í greinargerð sinni um það, hvernig stækkun ESB fari fram, að það hafi sett sér þá ófrávikjanlegu reglu að eiginlegar samningaviðræður við ný aðildarríki fari ekki fram. Einungis sé farið yfir hvort og þá hvenær viðkomandi ríki hafi kynnt öllum 100 þúsund síðum regluverksins. ESB gengur reyndar svo langt að biðja „umsóknarríki“ um að láta algjörlega vera að gefa almenningi í sínum löndum í skyn að slíkar samningaviðræður eigi sér stað!

Nú vill svo til að t.d. Samtök atvinnulífsins eru í lykilaðstöðu til að svara sjálfum sér um þetta efni og í framhaldinu að upplýsa aðra. Þessi samtök eru jú sérstaklega kostuð af fyrirtækjunum í landinu til að standa fyrir samningaviðræðum og hafa síðustu áratuginna öðlast mikla reynslu í því. SA gæti því upplýst hvort það hefði einhvern tímann gerst að eitthvert aðildarframtæki hefði óskað eftir því, jafnvel með hávaða, að SA beitti sér fyrir að ljúka samningaviðræðum sem ekki hefðu hafist og aldrei hefði staðið til að hefja. Það væri fróðlegt að vita hvort slíkt hefði gerst og hvernig samtökin hefðu brugðist við slíkum skringilegheitum.

Staksteinar

Telefon, bitte

Þriðjudagur, 1. apríl 2014

Í fréttum í gær sagði frá því að Vladimir Pútín hefði hringt í Angelu Merkel til að ræða við hana um málefni Úkraínu og nærliggjandi héraða, þar sem Pútín telur Rússland hafa hagsmuna að gæta. Jafnframt sagði Pútín Merkel frá því að hann væri að draga herlið sitt frá landamærum Rússlands og Úkraínu.

....

Pútín er sagður með þessu vilja auðvelda kanslaranum að hika við að taka þátt í efnahagslegum þvingunum gegn Rússum.

....

Þessi tvö eiga merkilega sögu. Sameiginlegan reynsluheim, eins og félagsfræðingar kalla það. Til er mynd af Merkel ungrí í einkennisbúningi austur-þýsku sovétæskunnar. Í þeirri tíð hefði það verið hámark óhugnaðar að fá tilkynningu um að æðsti yfirmaður KGB í Eystri-Berlín væri í símanum. Ólíklegt þótti að nokkur maður lifði af slíka hringingu. En einmitt því starfi gegndi Pútín í eina tíð.

....

Svo hrundi múrinn. Kannski hafa þau hugsað á því augnabliki bæði tvö: Hvað verður núna um mig? Það fór allt saman betur en nokkur gat spáð. Nú er bein lína á milli þeirra – heita línan – svokallaða. Og talað er á þýsku.

....

Og Obama getur hlerað samtalið. Því þótt hann hafi lofað að hætta að hlera Merkel hefur hann aldrei lofað að hætta að hlera Pútín. Obama stendur við öll sín loforð og hlerar aldrei síma Merkel nema kanslarinn hringi í einhvern.

....

Eina vonin er að Obama skilji ekki austurþýsku.

[Fleiri Staksteinar](#)

Dagatal

febrúar 2014

S	M	Þ	M	F	F	L
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	

[Fyrri](#)
[Næsti](#)

Leiðarar

31. mars 2014

[Horft yfir Kyrrahafið](#)

29. mars 2014

[Þeir stöðu fastir fyrir höfðu rétt fyrir sér](#)

29. mars 2014

[Eru áherslurnar tilviljun?](#)

28. mars 2014

[Ekki kasta krónu fyrir eyri við kaupin á eyrinni](#)

27. mars 2014

[Endalok chavistanna nalgast](#)

27. mars 2014

[Fagnaðarefni](#)[Fleiri leiðarar](#)

Reykjavíkurbréf

[Það eru ótrúlega margir í vínabæjarsambandi við Dýrabæ](#)

30. mars 2014
Nú liggur fyrir, staðfest í mörgum könnunum, að sá hópur innan Sjálfstæðisflokksins sem vill ganga í ESB er mun fámennari en þeir félagar og [Meira](#)
[Fleiri Reykjavíkurbréf](#)

Staksteinar

31. mars 2014

[Tíundi árgangur er ekki lítill árgangur](#)

29. mars 2014

[Hvað veldur minni áhuga borgarbúa?](#)

28. mars 2014

[Límbandinginn](#)

27. mars 2014

[Bretar án áhrifa – hvað um Ísland?](#)

Frjáls viðskipti ríkja frábær hugmynd

26. mars 2014

G8ttaþefar funda

25. mars 2014

Þar fékk hann það

Fleiri Staksteinar

Það var prýðileg hugmynd á meginlandi Evrópu að sameinast um að gera verslun og viðskipti aðgengilegri á svæðinu en verið hafði. Slík breyting gat ekki annað en verið hagfelld fyrir alla þá sem innan svæðisins búa og hlaut að leiða til ávinnings fyrir alla. Best hefði svo verið ef ríki álfunnar hefðu í framhaldinu bent á hve þetta hagræði hefði reynst þeim sjálfum vel og beitt sér fyrir því af sannfæringu að þess háttar breyting yrði gerð á heimsvísu, með hagsmunum veraldarinnar að leiðarljósi. En ESB er tollabandalag sem stefnir að því að breytast í eitt ríki innan ríkistollmúra, þótt einstökum þjóðum hafi ekki verið sagt frá því. Þess vegna fóru búrókratarnir út af beinu brautinni til opins markaðar á milli sjálfstæðra ríkja. Það sést best á því þegar í ljós kemur að þeir sem ætluðu að greiða fyrir frjálsum viðskiptum í meginatriðum eru búnir að setja 100 þúsund blaðsíður af opinberum fyrimælum í kringum frelsið. Það segir sig sjálft að yfir 90 þúsundir þeirra eru örugglega óþarfar og iðulega skaðlegar.

Þarf ekki að skoða gamlar forsendur?

Þá hafa upphaflegu forsendurnar aldrei verið skoðaðar í ljósi fenginnar reynslu.

Ekki hefur verið rannsakað hvort galopnar reglur um flutning fólks á milli ríkja séu endilega forsenda þess að frjáls markaður á milli manna og þjóða þrífist. Sambandið sjálft og helstu talsmenn þess endurtaka frasa, rétt eins og þeir séu komnir úr helgiritum, ef um slíkt er rætt. Ekki nóg með það, því spyrji menn slíkra spurninga þá er stutt í dylgjur um að þeir hinir sömu séu sennilega kynþáttahatarar eða þjóðernisofstækismenn og gott ef þeir séu ekki andlega skyldir þeim kónum úr nýiðinni sögu sem mest eru fyrirliðir og verðskulda það. Innst inni vita þó allir að engin þjóð ber óhefta og skiljanlega ásókn fólks af fátækari svæðum inn til þjóðar sem byggt hefur upp órítt velferðarkerfi á löngum tíma með háum sköttum. Ef fjölmennir hópar sem ekkert hafa til slíks kerfis lagt geta keypt sér miða í ferju eða flug og átt skömmu eftir landtöku sama rétt og heimamenn, þá gengur það dæmi ekki óbreytt upp. Annað hvort þarf þá enn að hækka skatta og öll iðgjöld og það upp úr öllu valdi eða draga snarlega úr þeirri þjónustu sem þeir sem fyrir eru héldu að þeir hefðu tryggt sér. Það þarf ekki Einstein til að fara með það dæmi upp á töfluna, svo að sá glöggi maður sé aftur dreginn að ósekju inn í umræður um innflytjendur. Þessi veruleiki er smám saman að verða þrúgandi í ýmsum ríkjum ESB. Og af því að þöggun ríkis og pólitískur rétttrúnaður bannar alla óþægilega umræðu um málið er hætt við því, að einmitt þeir sem færa málið í annarlegan farveg taki umræðuna yfir. Þá er orðið stutt í það sem allir þykjast vilja varast. Bresk yfirvöld eru að þokast í átt til þess að láta undan eigin áhyggjum og stórs hluta þjóðarinnar af þessari þróun. Þegar þeir anda því út úr sér heyrast stórryt viðbrögð í Brussel. Kannski á það eftir að breytast. Hollendingar eru farnir að ókyrrast og Frakkar eru sennilega nær sömu hugsun en opinberlega er viðurkennt. Hollande forseti gæti því óvænt beint næsta framhjáaldi sínu að rétttrúnaðarmönnum í Brussel.

Ókyrrð í Alþafjöllum

Swiss hefur ákveðið, með frægri niðurstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu, að stíga skref til baka varðandi frjálsa för yfir landamæri, að þessu leyti. Pólitísk fyrimenni í ESB og búrókratar þess brugðu ekki vana sínum. Þeir hófðu strax í hótunum við Svisslendinga. Það er þó sérkennilegt af ýmsum ástæðum. Þar á meðal þeirri að í ljós kemur, þegar textinn er skoðaður, sem var undir í kosningunum, að stigið var mjög varlega til jarðar. Yfirvöldum er gefinn góður tími til að laga sig að niðurstöðunni og hún er að auki fjárfri því að vera afgerandi. En það skrítnasta er, að í Brussel virðast menn líta svo á að allur aðgangur að innri markaðnum sé aðeins í þágu ríkisins sem fær náðarsamlegast aðgang að honum. En þegar horft er til hagvaxtar og þróttar í Swiss annars vegar og öðrum hluta innri markaðarins hins vegar, eru beinharðar tölur mun hagstæðari Swiss. Þessi hroki fer því ESB illa. En hann kemur ekki Íslendingum á óvart. Þeir fengu að finna fyrir honum haustið 2008, þeir fengu að finna fyrir honum í lcesave málinu og í makrílmálinu. Það bjargaði því sem mátti, að menn stóðu í lappimar fyrstu vikurnar eftir „hrun“. En frá og með vorinu 2009 var annars konar mannskapur kominn í brúna, bæði í ríkisstjórn og seðlabanka. Þó náði þjóðin að bjarga miklu eftir að forsetinn fól henni að fara með lcesave-málið í tvígang. En hún komst ekki að þegar sömu öfl beittum öðrum ráðum til að þóknast yfirgangssömum „kröfuhöfum“. Ekki heldur þegar þeim voru gefnir tveir af þremur viðskiptabönkum með óboðlegum aðferðum og enn síður þegar ótrúlegur aulasamningur var gerður um uppgjör á milli gamla og nýja Landsbankans.

Ekki skemma gott mál

Innri markaður í Evrópu er mjög gott mál. En slíku frjálsu samstarfi má ekki drekkja í 100 þúsund blaðsíðum fullum af fyrimælum um stórt og smátt. Hinn frjálsi markaður er ekki forsendan fyrir svo útprútnum ósköpum heldur óbifanleg ákvörðun óljóðræðislegar forystu ESB um að koma drýgstum hluta fullveldis ríkja álfunnar yfir á skrifræðið, svo það megi enda í einu stórri. Réttlætningar þess eru langsóttar. Því er haldið fram að Evrópusambandið hafi komið í veg fyrir stríð í álfunni eftir 1945. Nær allan þann tíma var annar hluti álfunnar undir stjórn stórfurstanna í Kreml. Hinn var nær allur í Nato. Bandaríkin hófðu 100 þúsund hermenn í Þýskalandi. Hverjir áttu að fara í stríð og við hvern? Hvaða styrjöld á meginlandinu kom ESB í veg fyrir? Hvaða endemis vítleysa er þetta? Og hvers vegna þarf að fara með slíkt fleipur? Viðtækt markaðssvæði á meginlandinu er prýðilegt. Frjáls viðskipti eru til þess fallin að ýta undir friðsamlega sambúð. Það segir okkur gömul reynsla og ný. Það þarf ekki fátánlegar furðusögur til að réttlæta eitt eða neitt í því sambandi. Hvers vegna þarf að fabúlera um það að búrókratar í Brussel hafi tryggt frið í álfunni frá árinu 1945? Innst inni vita allir að slíkt er uppspuni. Þeir meintu snillingar gátu ekkert, frekar en leiðtogar Evrópusambandsins, þegar eldar kviknuðu í bakgarði þess fyrir rúmum tveimur áratugum. Þeir héldu auðvitað marga neyðarfundir, eins og vant er, en ekkert

gerðist. Mannfall óbreyttra borgara var ógurlegt og það breyttist ekki fyrir en Bandaríkjunum ofbauð aumingjagangurinn og Bill Clinton skarst nauðugur í leikinn. Og nú bendir margt til að næstu misseri og ár muni menn sækja ófriðinn til ESB.

[Prenta](#) [Skrifa athugasemd](#)

Athugasemd:

Senda inn athugasemd

Ath.: Allar athugasemdir eru á ábyrgð höfundar. Óleyfilegt er að miðla ólöglegu efni, hótunum, rögi, særandi skrifum eða öðru sem getur valdið skaða. Morgunblaðið áskilur sér rétt til að fjarlægja athugasemdir sé brotið er gegn þessu eða eðlilegum kurteisissvenjum.

mbl.is/Árvakur hf. © 2014 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími skiptiborðs 569-1100, símbréf 569-1110